

**Reykjavíkurborg
annars vegar
og
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
hins vegar**

gera með sér svofellt

samkomulag

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. nóvember 2008 til 31. ágúst 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekara fyrirvara.

2. grein

Laun

Núgildandi launatafla kjarasamningsins samkvæmt grein 1.1.1 hækkar sem hér segir:

Frá 1. nóvember 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300,-

3. grein

Desemberuppbót

Persónuuppbót í desember verður sem hér segir á samningstímanum:

Árið 2008 kr. 50.000,-

4. grein

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót á árinu 2009 verður kr. 25.200

5. grein

Veikindi barna

Grein 11.9.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri/forsjármaður barns á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

6. grein

Fjölskyldu- og styrktarsjóður

Grein 11.10.5.1. í núgildandi samningi breytist þannig að iðgjald launagreiðanda hækki úr 0,55% af heildarlaunum í 0,75% af heildarlaunum. Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2009. Grein 14.2.1. breytist með sama hætti.

7. grein

Samningur þessi gildir frá og með 1. nóv 2008 til og með 31. ágúst 2009 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir 13. desember 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 29. nóvember 2008

f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

[Handwritten signatures and names for Reykjavíkurborgar]

f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkur
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

[Handwritten signatures and names for Starfsmannafélags Reykjavíkur]

Bókanir
með samkomulagi
Reykjavíkurborgar
og
Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
undirrituðu 29. nóvember 2008

Bókun 1
Starfsþróunarsjóður

Samningsaðilar munu í upphafi samningstíma sameina Starfsmenntunarsjóð (sjá gr. 12.1.2) og Starfsþróunarsjóð (sjá gr. 12.1.3) og endurskoða reglugerð sjóðs (sjá fylgiskjal VII).

Bókun 2
Endurhæfingasjóður

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar s.l. um að hefja á árinu 2008 þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu með því að stofna Endurhæfingasjóð. Hann á að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Reykjavíkurborg hefur ekki haft aðkomu að þessum viðræðum en mun leita eftir viðræðum við hlutaðeigandi aðila um aðild að sjóðnum.

Frá og með 1. nóvember 2008 mun Reykjavíkurborg greiða 0.13% af heildarlaunum inn á sérstakan biðreikning í vörslu Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg mun hefja greiðslur í sjóðinn þegar formleg aðild borgarinnar hefur verið staðfest og mun þá innistæða biðreikningsins greiðast til sjóðsins.

Bókun 3
Starfsmat

Samningsaðilar munu á samningstímanum vinna áfram að þróun og aðlögun starfsmatskerfisins. Í því skyni fela aðilar starfsmatsnefnd að leita leiða til að fá óháðan sérfræðing til að vinna með nefndinni að mati á kerfinu. Samningsaðilar sæki um styrki til að fjármagna verkefnið.

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að styrkja áfram faglegt sjálfstæði starfsmatsins gagnvart stéttarfélögum og stjórnssýslu borgarinnar og mikilvægi þess að standa vörð um sjálfstæði og fagleg vinnubrögð starfsmatsfulltrúa.

Samningsaðilar munu beita sér fyrir aukinni kynningu á starfsmatinu meðal þeirra stéttarfélaga sem samið hafa um starfsmat og meðal stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Með því móti verði stuðlað að upplýstri umræðu aðila um starfsmatið með það að leiðarljósi að gera kerfið betra og skilvirkara. Kynningaráætlun skal lögð fram í starfskjaranefnd eigi síðar en 1. febrúar 2009.

Samningsaðilar eru sammála um að fela starfsmatsnefnd að semja vinnureglur um reglubundna yfirferð starfa sem hafa mat eldra en fimm ára. Vinnureglur verði kynntar eigi síðar en 1. febrúar 2009.

Bókun 4
Starfskjaranefnd

Fyrri bókun nr. 3 fellur niður, í hennar stað kemur:

Fyrsti fundur starfskjaranefndar að aflokinni kjarasamningsgerð skal haldinn innan tveggja mánaða frá samþykkt kjarasamnings. Starfskjaranefnd skal setja sér verklagsreglur um störf nefndarinnar þar sem m.a. skal kveðið á um skoðun lægstu launa og endurskoðun og röðun sumarstarfa utan starfsmats.



Bókun 5
Um upplýsingar um grunnröðun (óbreytt)

Bókun 6
Um endurskoðun á hæfnismati og hæfnislaunum.

Bókun 2 í nágildandi samningi verði óbreytt nema að niðurlag seinni málgreinar um lok verksins, þ.e. fyrir 1. maí 2007, falli niður.

Bókun 7
Varðandi grunnskóla

Bókun 4 í nágildandi samningi verði óbreytt nema að dags. breytist og í stað 31. maí 2006 komi 31. mars 2009

Bókun 8
Um námskeiðsnefndir og starfsþróun (áður bókun 7)


Skipaður verði starfshópur sem fari yfir fyrirkomulag sí- og endurmenntunar og framtíðarsýn í þeim málum. Skal þessi hópur koma með tillögur um hvernig viðbótarmenntun starfsmanna með fag- og iðnmenntun skuli metin til samræmis við gr. 1.3.2.4. Einnig tillögur um fyrirkomulag á námi meðfram starfi. Í framhaldi af þeirri vinnu leggi starfshópurinn fram tillögur til starfskjaranefndar um skipan námskeiðsnefnda sem fjalli um símenntun og starfsþróun félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn hefji störf eigi síðar en 1. febrúar 2009 og ljúki störfum eigi síðar en 31. mars 2009.

Bókun 9
Um röðun skólaliða og stuðningsfulltrúa (Óbreytt)

Aðrar bókanir í fyrri samningi falli niður.

Yfirlýsing

Reykjavíkurborg hefur það skýra yfirlýsta markmið í kjaramálum að koma í veg fyrir ómálefnalegan launamun. Í því skyni hefur Reykjavíkurborg samið við fjölmörg stéttarfélög um starfsmat og náð verulegum árangri í að jafna laun í sambærilegum störfum. Að auki tók Reykjavíkurborg upp nýjar reglur og samræmda framkvæmd samninga um fasta yfirvinnu og akstursamninga. Nýleg rannsókn sýnir að mikið hefur áunnist í þessum efnum. Reykjavíkurborg mun halda áfram að kanna hvort og þá í hvaða tilfellum ómálefnalegur launamunur sé fyrir hendi og grípa til ráðstafana til að eyða honum. Þegar þær niðurstöður og ákvarðanir liggja fyrir verða þær kynntar viðsemjendum Reykjavíkurborgar.



Leiðréttingar og uppfærslur á samningi aðila.

Grein 1.3.2.2 orðast svo frá og með 1. janúar 2008:

Launaflokkar vegna starfsþróunar samkvæmt símenntunaráætlun stofnunar. Gert er ráð fyrir að hver stofnun/fyrirtæki setji fram símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmaður, sem tekur virkan þátt í símenntunaráætlun, á rétt á hærri launum en ella. Forsenda launaflokkahækkunar þessarar er staðfest þátttaka starfsmanns í símenntunaráætlun stofnunar/fyrirtækis. Þessi laun geta breyst. Launaflokkar samkvæmt ofangreindu geta verið alls sex skv. eftirfarandi:

Eftir 1 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 3 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 5 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 7 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 9 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg	Röðun einum launaflokk ofar en ella.
Eftir 12 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg	Röðun einum launaflokk ofar en ella.

Starfstími hlutavinnustarfsmanna á mánaðarkaupi skv kjarasamningum skal metinn til jafns við starfsmenn í fullu starfi. Þetta ákvæði tekur gildi hinn 1. janúar 2008.

Þá skal einnig metinn starfstíma starfsmanns sem starfað hefur í sambærilegu starfi á föstu mánaðarkaupi hjá öðru sveitarfélagi eða ríki enda liggi staðfesting fyrri vinnuveitanda fyrir. Starfsmaður fær starfsaldur hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn.

Starfstími starfsmanns á hjúkrunarheimilu (sjálfseignarstofnunum) og hjá fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga sem starfa í almannþjónustu er metinn á sama hátt. Þetta ákvæði tekur gildi hinn 1. nóvember 2007.

Hafi starfsmaður fengið launaflokk/a vegna virkrar þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar en sinnir ekki lengur þeirri skyldu án lögmætra forfalla missir hann þann/þá launaflokk/a er hann hefur fengið. Áður en til þess getur komið ber yfirmanni að greina starfsmanni frá að hann muni missa þennan rétt ef hann bæti ekki virkni sína skv. símenntunaráætlun og ber að útskýra fyrir starfsmanni hvernig hann getur bætt sig. Starfsmaður getur óskað eftir að trúnaðarmaður sé viðstaddur slíkt samtal.

Sviði er heimilt að útfæra símenntunaráætlun í samræmi við Fylgiskjal 1 um fagviðurkenningu og styttra starfsnám á framhaldsskólastigi.

Fylgiskjal 1

STÉTTARFÉLAG REYKJARVÍKURBORGAR					
Gildir frá 1. Nóvember 2008					
þrep	1	2	3	4	5
Lfl.	< 20 ára	20 ára	25 ára	30 ára	35 ára
110	132.282	135.641	139.102	142.665	146.336
111	133.962	137.371	140.884	144.501	148.227
112	135.667	139.128	142.692	146.364	150.146
113	137.397	140.910	144.528	148.255	152.093
114	139.154	142.719	146.391	150.174	154.070
115	140.936	144.555	148.283	152.122	156.078
116	142.746	146.419	150.203	154.099	158.114
117	144.582	148.311	152.151	156.107	160.182
118	146.447	150.231	154.130	158.144	162.279
119	148.339	152.180	156.137	160.212	164.409
120	150.259	154.159	158.174	162.310	166.571
121	152.208	156.166	160.242	164.441	168.764
122	154.188	158.204	162.342	166.603	170.991
123	156.196	160.273	164.472	168.798	173.253
124	158.235	162.372	166.634	171.024	175.546
125	160.303	164.503	168.830	173.286	177.876
126	162.403	166.666	171.058	175.581	180.238
127	164.535	168.862	173.319	177.909	182.637
128	166.699	171.090	175.614	180.274	185.073
129	168.894	173.353	177.943	182.673	187.545
130	171.124	175.649	180.308	185.109	190.053
131	173.386	177.978	182.708	187.581	192.599
132	175.682	180.344	185.144	190.090	195.184
133	178.012	182.744	187.618	192.637	197.807
134	180.378	185.181	190.127	195.222	200.469
135	182.780	187.653	192.675	197.846	203.172
136	185.216	190.165	195.260	200.509	205.915
137	187.690	192.713	197.885	203.212	208.700
138	190.201	195.298	200.549	205.956	211.525
139	192.750	197.923	203.252	208.741	214.394
140	195.337	200.588	205.997	211.567	217.305
141	197.962	203.292	208.782	214.436	220.261
142	200.628	206.037	211.609	217.348	223.260
143	203.332	208.824	214.479	220.304	226.304
144	206.078	211.651	217.391	223.304	229.394
145	208.864	214.521	220.348	226.350	232.531
146	211.692	217.434	223.348	229.440	235.714
147	214.563	220.391	226.395	232.577	238.946
148	217.477	223.392	229.485	235.761	242.225
149	220.435	226.439	232.623	238.993	245.554
150	223.438	229.532	235.809	242.273	248.932
151	226.484	232.670	239.040	245.603	252.362
152	229.577	235.855	242.322	248.983	255.843
153	232.716	239.089	245.652	252.413	259.376

154	235.902	242.370	249.033	255.894	262.963
155	239.136	245.702	252.463	259.429	266.603
156	242.418	249.082	255.946	263.016	270.296
157	245.750	252.514	259.480	266.657	274.047
158	249.133	255.998	263.068	270.351	277.853
159	252.565	259.533	266.710	274.102	281.717
160	256.049	263.121	270.406	277.910	285.637
161	259.585	266.764	274.158	281.774	289.617
162	263.174	270.461	277.966	285.696	293.658
163	266.818	274.213	281.831	289.677	297.757
164	270.515	278.022	285.754	293.717	301.920
165	274.269	281.888	289.735	297.819	306.144
166	278.078	285.812	293.776	301.981	310.431
167	281.945	289.794	297.879	306.207	314.784
168	285.870	293.837	302.042	310.495	319.201
169	289.853	297.939	306.269	314.848	323.684
170	293.896	302.104	310.558	319.266	328.235
171	298.000	306.331	314.912	323.751	332.854
172	302.166	310.622	319.331	328.303	337.542
173	306.394	314.977	323.817	332.923	342.301
174	310.685	319.397	328.370	337.611	347.131
175	315.041	323.883	332.990	342.371	352.034
176	319.462	328.437	337.681	347.203	357.010
177	323.949	333.059	342.442	352.106	362.060
178	328.504	337.750	347.274	357.083	367.186
179	333.127	342.512	352.179	362.135	372.390
180	337.820	347.345	357.156	367.263	377.672
181	342.582	352.251	362.210	372.467	383.032
182	347.417	357.231	367.338	377.749	388.473
183	352.323	362.284	372.544	383.111	393.996
184	357.304	367.415	377.828	388.553	399.601
185	362.359	372.621	383.191	394.077	405.290
186	367.490	377.905	388.634	399.684	411.065
187	372.698	383.269	394.158	405.374	416.927
188	377.984	388.714	399.767	411.150	422.876
189	383.349	394.240	405.459	417.013	428.914
190	388.795	399.850	411.236	422.964	435.044
191	394.322	405.543	417.100	429.004	441.265
192	399.933	411.322	423.052	435.134	447.580
193	405.627	417.186	429.093	441.357	453.989
194	411.407	423.140	435.225	447.673	460.494
195	417.273	429.182	441.449	454.084	467.097
196	423.228	435.316	447.766	460.590	473.799
197	429.272	441.541	454.179	467.195	480.602
198	435.407	447.860	460.686	473.898	487.505
199	441.633	454.273	467.293	480.702	494.514
200	447.953	460.783	473.998	487.608	501.627

Handwritten signature

Yfirlýsing


Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra sem áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir og taka þátt í slíkri sátt.

Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt af mörkum til að viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.

Reykjavík 29.11.2008

f.h. Reykjavíkurborgar



f.h. Starfsmannafélags
Reykjavíkurborgar

